

Bæjarráð Dalabyggðar
Miðbraut 11
370 Búðardal

Reykjavík, 2. september 2021

Erindi: Barnvæn sveitarfélög – Innleiðing Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna

Síðastliðin ár hefur eftirspurn eftir fræðsluefni og stuðningi við innleiðingu Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna aukist gríðarlega. Það á ekki síst við um skólastofnanir og sveitarfélög sem hafa kallað eftir aðstoð og stuðningi við að innleiða Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna í starfsemi sína. Til að svara þessari eftirspurn hóf UNICEF á Íslandi, árið 2016, að þróa verkefni til þess að gera Barnasáttmálann að rauðum þræði í starfsemi sveitarfélaga – verkefnið Barnvæn sveitarfélög. Árið 2020 hlaut Akureyrarbær fyrst allra sveitarfélaga viðurkenningu sem Barnvænt sveitarfélag og fyrr á þessu ári bættist Kópavogsbær í hópinn. Nú vinna 15 sveitarfélög að því að verða Barnvæn sveitarfélög og eru þau, í starfröðslu: Akraneskaupstaður, Borgarbyggð, Fjarðabyggð, Garðabær, Hafnarfjarðarbær, Hrunamannahreppur, Mosfellsbær, Rangárþing Eystra, Reykjanesbær, Seltjarnarnesbær, Svalbarðsstrandarhreppur, Sveitarfélagið Ölfus, Sveitarfélagið Vogar, Sveitarfélagið Hornafjörður og Vopnafjarðarhreppur. Eins og sjá má hefur mikill áhugi verið á verkefninu á meðal sveitarfélaga.

Með þessu bréfi viljum við bjóða Dalabyggð að bætast í hópinn!

Barnvæn sveitarfélög

Hugmyndafræði [Barnvænna sveitarfélaga](#) byggir á alþjóðlegu verkefni UNICEF, Child Friendly Cities Initiative, sem innleitt hefur verið í hundruðum sveitarfélaga um allan heim frá árinu 1996. Að sveitarfélag innleiði Barnasáttmálann þýðir að það samþykki að nota sáttmálann sem viðmið í sínu starfi og gera hann að rauðum þræði í allri starfsemi þess. Barnasáttmállinn verður með því, gæðastjórnunarverkfæri í stefnumótun og þjónustu. Innleiðingarferlið skiptist í átta skref sem stigin eru með stuðningi og ráðgjöf starfsmanna UNICEF á Íslandi og félagsmálaráðuneytisins en eftir að hafa lokið ferlinu og staðist úttekt hljóta sveitarfélög viðurkenningu sem Barnvæn sveitarfélög. Viðurkenningin gildir í þrjú ár en að þeim loknum þarf sveitarfélagið að fara í gegnum úttekt á ný til þess að viðhalda viðurkenningunni.

Samstarf félagsmálaráðuneytis og UNICEF á Íslandi við innleiðingu Barnvænna sveitarfélaga

Þann 18. nóvember 2019, í tilefni af 30 ára afmæli Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, undirrituðu Ásmundur Einar Daðason, félags- og barnamálaráðherra og Bergsteinn Jónsson, þáverandi framkvæmdastjóri UNICEF á Íslandi, samning um samstarf við félagsmálaráðuneytið undir formerkjunum *Barnvænt Ísland*. Markmið samstarfsins var að tryggja aðgengi allra sveitarfélaga að stuðningi við innleiðingu Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Nú hefur verkefnið fengið enn traustari grunn því það er liður í fjögurra ára aðgerðaáætlun félags- og barnamálaráðherra um Barnvænt Ísland sem samþykkt var á Alþingi í sumar. Öllum sveitarfélögum landsins stendur nú til boða að taka þátt.

Auglýst eftir umsóknum áhugasamra sveitarfélaga um þátttöku í verkefninu

Opnað hefur verið fyrir umsóknir um þátttöku í verkefninu Barnvæn sveitarfélög fyrir árið 2022. Við hvetjum ykkur til að kynna ykkur verkefnið og skrá ykkur til þátttöku. Hanna Borg Jónsdóttir, verkefnastjóri Barnvænna sveitarfélaga hjá UNICEF á Íslandi og Marín Rós Eyjólfsdóttir, samskiptastjóri innanlandsdeildar UNICEF á Íslandi svara fyrirspurnum (barnvaensveitarfelog@unicef.is). Hægt er að bóka 30 mín kynningu á verkefninu sér að kostnaðarlausu en einnig bendum við á heimasíðu verkefnisins, barnvaensveitarfelog.is þar sem má nálgast allar upplýsingar um verkefnið.

Virðingarfyllt,

Ásmundur Einar Daðason

Ásmundur Einar Daðason
Félags- og barnamálaráðherra

Birna Þórarinsdóttir

Birna Þórarinsdóttir
Framkvæmdarstjóri UNICEF á Íslandi